HAFNARFJÖRÐUR

Lagt fyrir fund fræðsluráðs 11.mars 2020

2. **Fundur um menntastefnu með menntaleiðtogum leik- grunn- og tónlistaskólum Hafnarfjarðar haldinn í skátaheimili Hraunbúa við Hjallabraut, fimmtudaginn 27. febrúar kl. 12.00. Fundinn sátu fulltrúar stýrihóps um menntastefnu: Fanney Dóróthe, Jenný Dagbjört, Vigfús, Geir, Hrund Apríl, Kristín María, Sigrún Sverrisdóttir, Sigurður Þ Ragnarsson, Arnbjörn Ólafsson ásamt fulltrúum leik- og grunnskóla og rá . Alls sátu 30 manns fundinn.**

Dagskrá fundar

Fanney Dóróthe sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs kynnti þær tillögur sem sviðinu bárust frá menntaleiðtogar sem tilögur að þeim meginþáttum sem menntastefna Hafnarfjarðar ætti að hvíla á eða innihalda.

Farið var yfir hvaða þættir það voru sem bárust, hvernig úrvinnsla úr tillögum fór fram og við hvaða þætti tillögurnar tengdust og fléttuðust inn í eins og barnasáttmála, heimsmarkmið, áherslur frá stjórnvöldum um menntun til framtíðar og hvaða þemu þessir þættir mynduðu. Mjög mikil þátttaka var frá öllum menntaleiðtogum þar sem allir tóku þátt í að leggja af mörkum orð sem í fólst sýn á menntastefnu Hafnarfjarðar.

Kristinn Hjálmarsson frá Nótera hélt utan um vinnustofu ásamt Elínu Grétu Stefánsdóttur.

Kristinn opnaði vinnustofuna og gerði grein fyrir skipulagi og markmiði vinnustofunnar sem tæki mið af þeim gögnum sem menntaleiðtogar höfðu sent inn.

Mikil þátttaka, samtal og áhugi einkenndi vinnustofuna þar sem fólk vann þvert á störf og hópa að því að móta hverju framtíðarsýn menntastefnu Hafnarfjarðar ætti að stefna að.

Efni og myndir frá vinnu við menntastefnu frá fimmtudeginum 27. febrúar

HAFNARFJÖRÐUR

HAFNARFJÖRÐUR

HAFNARFJÖRÐUR